

## Fundargerð atvinnumálanefndar 28.apríl 2008

Fundur haldinn í atvinnumálanefnd Tálknafjarðarhrepps mánudaginn 28.apríl 2008  
kl. 20.00

Fundur settur, mættir undirritaðir og fyrirtekið.

1. Efni fundarins var að starfrækja skólabúðir á Tálknafirði. Búðirnar verða staðsettar í húsnæði „Mettubúðar“ og einnig stendur til að nýta Bjarmaland til gistingar. Umræður urðu um uppbyggingu starfseminnar og fjáröflun henni tengda. Jón Þórðarson ætlar að útvega teikningar af húsnæði því sem notað verður, til að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem gera þarf og hvað þær muni kosta. Einnig þarf að ákveða í hvaða formi reksturinn á að vera. Ákveðið var að leitað yrði tilboða í fæði og gistingu vegna verkefnisins og síðan yrði fundar 13.maí kl.20.00.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið kl. 21.55

Ása Jónsdóttir (sign)

Sigurvin Hreiðarsson (sign)

Vignir Arnarson (sign)

Jón Örn Pálsson (sign)

Jón Þórðarson, Bíldudal. (gestur)

Sif Karlsdóttir (gestur)